

Á sama hátt er skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr. 18. tölulið og 5. gr. 19. tölulið samtímis því, sem vegabréfshafi, samkvæmt því er segir hér að framan afhendir vegabréf sitt.

Ráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 18. töluliðs 4. gr. og 19. töluliðs 5. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Sendiráðum og fastanefndum Íslands heimilast að framlengja gildi vegabréfa utanríkisráðuneytisins fyrir þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem nefndir eru í 4. gr. 9. tölulið og 5. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir maka þeirra og börn. Vegabréf þessi skal þó eigi framlengja til lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til 6 mánaða í senn.

Gildi annarra vegabréfa má eigi framlengja nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 18/1953 um íslensk vegabréf og lögum nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 424/1988 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið, 23. september 1994.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Róbert Trausti Árnason.

AUGLÝSING

um umferð í Egilsstaðabæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglu um umferð í Egilsstaðabæ:

1. Biðskylda.

- 1.1. Umferð um Árskóga víki fyrir umferð um Skógarlönd.
- 1.2. Umferð um Skógarlönd víki fyrir umferð um Seyðisfjarðarveg.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 27. september 1994.

Helgi Jensson, sýslumannsfulltrúi.